


Þessar þrjár myndir hér á síðunni eru allar frá Suðureyri við Súgandafjörð. Á annarri þrídálka myndinni sést yfir höfnina á Suðureyri en hún er nýbyggð, lauk framkvæmdum við hana fyrir aðeins einu og hálfu ári. Höfnin er þó enn hvergi nærri fullgerð og vonast Suðureyrarbúar til þess að verkinu verði haldið áfram hið fyrsta því að fremsti hluti hafnargarðsins þar sem enn vantar stálþil liggur undir skemmdum af völdum sjávargangs.

Mikill fengur var þó að þeirri hafnargerð sem lokið er og stendur útgerð á Suðureyri með miklum blóma. Þaðan réru í vetur fjórir stórir heimabátar: Friðbert Guðmundsson, Frigg, Draupnir og Hávarður og auk þess einn leigubátur. Gylfi frá Rauðuvík. — Heimabátarnir eru nú allir komnir á síld og Gylfinn er einnig kominn norður. Er neðri þrídálka myndin tekin í vor er bátarnir lágu inni og voru að búast á síld. Fáeinir smærri bátar réru einnig frá Suðureyri í vetur og

Blómlegt og vaxandi þorp




Suðureyri, Súgandafirði

munu þeir halda sig á heimamiðum í sumar.

Mikil atvinna var á Suðureyri í vetur eins og undanfarna vetur við fiskvinnslu en þar er hraðfrystihús sem bátarnir leggja upp aflann hjá. Er jafnan margt af

aðkomufólki á Suðureyri yfir veturinn, meðan vertíð stendur yfir.

Tvídálka myndin er tekin á sjómannaðaginn í vor og sýnir hún skrudgönguna á leið til kirkju. — (Ljósma.: Jónína Stefánsdóttir).



Ekið á tvo bíla og grindverk

Í gærmorgun var grænleitur fólksvagn, „rúgbrauði“ bakkað á grindverk við Bakkagerði 1 og það brotið. Ók bifreiðastjórninn burt af staðnum án þess að gera vart við sig. Þá var í gærmorgun á milli kl. 9—12 ekið á bifreið er stóð á bílastæði við Hverfisgötu 30 og beyglaðist hægra afturbretti bifreiðarinnar. Sá sem keyrði á bílinn ók burt. Loks var í fyrradag ekið á fólksvagn, er stóð á bifreiðastæðinu hjá Hamri og var beyglað frambretti bifreiðarinnar ofl. Sá sem keyrði á stakk af.

Umferðardeild rannsóknarlögreglunnar biður ökumenn þá sem hér áttu hlut að máli að gefa sig fram og sjónarvotta ef einhverjir eru.

Ábyrgð borgarsjóðs á láni til Sjálfsbjargar

Borgarráð samþykkti á síðasta fundi sínum að veitt verði ábyrgð á láni, allt að 150 þúsund kr., er Sjálfsbjörg, félag fatlaðra, fær að láni hjá Ertóafjárjóði.

Fékk 2500 mál í einu kasti og náði öllu

AKUREYRI Í GÆR — Í nótt sem leið fékk síldarbáturinn Bjarni frá Dalvík eitthvert allra stærsta kast sem íslenskt skip

hefur fengið. Bjarni háfaði sig fullan og var þá mikið eftir í nóttinni, nóg til þess að Halkion frá Vestmannaeyjum sem er um 100 lestir fékk sig einnig fullan. Ennþá var þó eftir í nóttinni og tók Ólafur Magnússon frá Akureyri afganginn.

Bjarni og Halkion munu hvor um sig bera um 1000 mál og gízka menn á að í nóttinni hafi verið um 2500 mál, þótt ekki séu ennþá fyrir hendi áreiðanlegar tölur um síldarmagn.

Sjaldgæft er að næturnar haldi svona mikilli síld. Í tilfelli sem þessu drepst síldin í nóttinni, því langan tíma tekur að háfa svona stór köst. Síldin leggst þá í nótna og því er það að næturnar springa oftast.

Þetta var þriggja ára gömul nótt búin til af netagerðarmönnum á Dalvík.

Sölusýning í Dimmalimm

Verzlunin DIMMALIMM opnaði nýlega sölubúð á Skólavörðustíg 4. Þar er á boðstólum allskonar listiðnaður, bæði íslenskur og erlendur. Sú nýbreytni hefur verið tekin upp þar að hafa í einum hluta búðarinnar sölusýningar á innlendum munum. Til að auka fjölbreytni þessara sýninga er skipt vikulega um sýningarmuni. Þessa viku eru sýnd þrjú handofin teppi eftir Ásgerði Búadóttur.

Fákur vill enn fleiri hesthús

Hestamannafélagið Fákur hefur sent borgaryfirvöldum umsókn um að félaginu verði leyft að reisa enn fleiri hesthús við Elliðaár. Á síðasta borgarráðsfundi var samþykkt að óska um samvinnunefndar um skipulagsmál um umsókn þessa og jafnframt að óska tillagna nefndarinnar um staðsetningu frekari bygginga félagsins.

ÞJÓÐVILJINN

Sunnudagur 7. júlí 1963 — 28. árgangur — 150. tölublað.

Færeyjaflug F.Í. í lok mánaðarins?

Enn bíður Flugfélag Íslands eftir formlegu leyfi dönsku flugmálastjórnarinnar til Færeyjaflugsins, en Flugfélagsmenn reikna með að flugferðir geti hafizt í lok þessa mánaðar.

Sem kunnugt er var það áætlun forráðamanna Flugfélags Íslands

í fyrstunni að hefja áætlunarflugferðir til Færeyja strax í vor, ef nauðsynleg leyfi fengjst þá og aðstæður væru orðnar boðlegar. En þetta hefur allt dregizt á langinn.

Talsvert hefur verið skrifað um væntanlegt Færeyjaflug Flugfélags Íslands í færæysk og dönsk blöð. Hafa Færeyingar að vonum beðið óþreyjufullir eftir því að ferðirnar hæfust, enda myndi með þeim stigið stórt spor í þeim málum er snúa að bættum samgöngum eyjarskeggja við umheiminn.

Dönsk blöð skýrðu frá því í vikunni sem leið að Flugfélagið myndi væntanlega hefja áætlunarflug til Færeyja þriðjudaginn 23. júlí n.k. Til flugsins verða notaðar tveggja hreyfla flugvélar af Dakodagerð og eini flugvöllurinn í Færeyjum, á Vogey, notaður.

Týndi 43 þús. kr. ávísun

Í fyrradag kom bóndinn á Nesjavöllum í Grafningi á lögreglustöðina og tilkynnti að hann hefði þá um daginn týnt útfylltri ávísun á Búnaðarbankann að upphæð krónur 43 þúsund. Er blaðið átti tal við lögregluna síðdegis í gær var henni ekki kunnugt um að ávísunin hefði komið í leitirnar.

Síðasti leikur

Síðasti leikur finnsku knattspyrnumeistaranna hér á landi verður annað kvöld á Laugar-dalsvelli. Þá leika Finnarnir við tilraunalandsljóðið, sem landsliðsnefnd knattspyrnusambandsins hefur valið

Íslandsmet í yrðlingafjölda

Þúfum, 4. júlí. — Hér hafa dvalizt tvær refaskyttur í vor. Það eru þeir Gísli Kristinsson Austfirðingur og Gísli Gíslason Ísfirðingur. Hafa þeir banað samtals 50 dýrum, tófum og minnkum. Meðal annars unnu þeir eitt gren sem í voru 10 yrðlingar og mun það vera Íslandsmet í yrðlingafjölda. Fjögur hinna felldu dýra voru snoðdýr. Hefur vestfirzkur refastofn beðið mikið afhróð í vor. — ÁS.

Vestur-Íslendingarnir láta vel af dvölinni á Íslandi

★ Meginhópur Vestur-Íslendinganna, sem dvalizt hafa hér á landi um mánaðarskeið, heldur heimleiðis í kvöld, sunnudag. Flýgur hópurinn vestur með flugvél Pan American flugfélagsins bandaríska sem leggur upp frá Keflavíkurflugvelli nokkru fyrir miðnætti.

★ Það mun vera samhljóða álit þátttakenda að þessi hóperð hafi tekizt ágætlega; Íslandsförlin mun vafalaust verða flestum mjög minnisstæð.